

minna af þeim vöxtum, er úthluta má, til að styrkja efnilega kvenkandidata frá **16**
Háskóla Íslands til framhaldsnáms í útlöndum. **7. mars**

Reykjavík, 26. janúar 1916.

Í stjórn Hins íslenska kvenfjelags.

Katrín Magnússon, Theodora Thoroddsen, María Þórdarson,
formaður. ritari. fjehirðir.

Margrjet Magnúsdóttir, Ingibjörg Johnson, Ingibjörg H. Bjarnason, Á. P. Þorkelsson,
Magnea Þorgrímsson, Sigprúður Kristjánsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð frú Mariu Öss- **17**
ursdóttir, Flateyri«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands **7. mars**
7. mars 1916.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð frú Mariu Össursdóttur, Flateyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Mariu Össursdóttur, Flateyri.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af konum í Önundarfirði með kr. 440,00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátaeka sjúklinga, sem heimili eiga í Önundarfirði. Skulu þeir, sem eigi standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, jafnan vera rjetthærri sem styrkþegar úr sjóði þessum.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í bankavaxtabrjefum Landsbanka Íslands, eða annari jafntryggri stofnun. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 2000,00, má veita $\frac{3}{4}$ hluta vaxta hans, en $\frac{1}{4}$ vaxtanna leggist við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn

17. 10000 kr., má verja $\frac{9}{10}$ hluta vaxtanna til sjúkrastofnana og hjúkrunarstarfsemi 7. mars í Öfundarfirði.

5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu sitja þrír menn: hjeraðslæknirinn á Flateyri og tvær konur, sem kosnar skulu af hreppsnefnd eða hreppsnefndum í Öfundarfirði til 5 ára í senn. Fyrsta kosningin skal fram fara þegar fengin er konungsstaðfesting á skipulagsskrá þessari. Stjórnin skal senda hreppsnefnd árlega reikningskil til endurskoðunar og staðfestingar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrk úr sjóðnum samkvæmt 3. og 4. grein eftir styrkbeiðnum.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

18
14. mars

Reglugjörð

um mat á lóðum og löndum í Reykjavík.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 59, 3. nóv. 1915, um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, er eftirfarandi reglugerð sett um matið.

I. kafli.

1. gr.

Er bæjarstjórn Reykjavíkur selur öðrum, lætur á leigu eða erfðafestu, eða lætur til einhverra sérstakra afnota lóðir eða lönd í lögsagnarumdæmi Reykja-